

Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið  
Anna María Andreasen  
Borgartún 12-14  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 08. janúar 2019  
2018120003/40  
TB  
tb

### **Deiliskipulag fyrir brú yfir Fossvog**

Vísað er til bréfs frá Reykjavíkurborg, dags. 3. desember 2018, þar sem vakin er athygli Náttúrufræðistofnunar Íslands á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir brú yfir Fossvog.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir tillöguna og gerir ekki athugasemd við staðsetningu brúarinnar. Í tillögunni er fjallað um verndarsvæði sem þegar eru friðlýst á svæðinu og gerð grein fyrir mikilvægi náttúru svæðisins. Aftur á móti er ekki fjallað eins ítarlega um svæðið í heild sem mikilvægt fuglasvæði, sem stafar af því að lífríki svæðisins er almennt mjög mikil. Í apríl á síðasta ári lagði Náttúrufræðistofnun til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu, mikilvæg fuglasvæði, vistgerðir og jarðminjar, sem sett verði á framkvæmdaáætlun þ.e. B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Þar á meðal er tillagan Álfanes-Skerjafjörður, sjá hér <https://ni.is/node/18023>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Hér er engu að síður um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða um mikilvægi svæðisins. Forsenda þess að áhrif brúarinnar á náttúrufar svæðisins verði ekki neikvæð er að full vatnsskipti verði áfram í Fossvogi og að áhrif vegna breytinga á straumum, vegna t.d. landfyllinga, verði ekki neikvæð.

Á bls. 17. í greinargerðinni, segir að 270 m brú auki líkur á því að vatnsskipti haldist. Á bls. 23 segir: „Brugðist hefur verið við mögulegum neikvæðum áhrifum vegna þessa í deiliskipulagstillöggunni, með því að gera ráð fyrir um 270 m langri brú til að takmarka umfang landfyllinga og minnka líkur á neikvæðum áhrifum vegna lokunar vogsins. Landfyllingarnar munu þó hafa einhver áhrif auk þess sem stöplarnir undir brúnni munu hafa einhver áhrif. Strandlengjan þar sem landfylling fyrir brúna er áformuð, hefur allri verið raskað og þar eru landfyllingar í dag. Landfyllingar vegna brúarinnar munu því ekki hafa nein áhrif á náttúrulega strandlengju.“ Þetta þarf að undirbyggja með rannsóknum og með hönnun brúarinnar.



Með framangreint í huga telur Náttúrufræðistofnun að í deiliskipulagstillöggunni verði að vera skilmálar sem kveði á um að tryggt sé að fyrirhuguð brú komi ekki í veg fyrir að full vatnsskipti, í tíma og rúmi, verði í Fossvogi.

Virðingarfallst



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

